

SKILMÁLAR RÁÐNINGARKERFIS:

1. Skilmálar þessir eiga við um ráðningar starfsfólks hjá ríkinu.
2. Trúnaður ríkir um þær upplýsingar sem vistaðar eru í ráðningarkerfinu, nema lög kveði á um annað. Gögn sem innihalda persónuupplýsingar eru því ekki látin þriðja aðila í té nema fyrir liggi skýrt samþykki frá umsækjanda eða þriðji aðili hafi aðgang að upplýsingunum á grundvelli lagaheimildar eða að fengnum dómsúrskurði.
3. Þegar einstaklingur sækir um starf í gegnum ráðningarkerfið fær ráðningaraðilinn og ábyrgðaraðilar kerfisins aðgang að þeim persónuupplýsingum sem umsækjandi lætur í té. Tilgangur vistunar upplýsinganna í ráðningarkerfinu er að aðstoða umsækjanda við að eiga samskipti við ráðningaraðila vegna starfsumsóknar og gera honum kleift að meta umsókn um starf.
4. Umsækjandi getur hvenær sem er í ráðningarferlinu dregið umsókn sína til baka með því að tilkynna það til viðkomandi ráðningaraðila.
5. Umsóknargögn sem berast í gegnum ráðningarkerfið eru geymd í samræmi við lög og reglur þar um.
6. Ábyrgðaraðili ráðningarferlis er viðkomandi ráðningaraðili, en ábyrgð ráðningarkerfisins er sameiginleg með fjármála- og efnahagsráðuneyti og Fjársýslu ríkisins.